

Til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Efni: Dýraverndunarfélagið Villikettir óskar eftir styrk fyrir útlögðum kostnaði, vegna umönnunar í dýraverndunarskyni.

Samtals komu 7 kettir í umsjá félagsins á síðasta ári, 3 fullorðnir og 4 kettlingar. Fengu þessir kettir nauðsynlega læknisþjónustu og umönnun, vegna augnsýkinga, sára, brotinna tanna, vannæringar ofl. Voru þeir fósturaðir hjá sjálfboðaliðum Villikatta þar til ný heimili fundust eða viðunandi framtíðarlausn.

Með þessu sinna Villikettir hjálparskyldu samkvæmt 7. gr. dýravelferðarlaganna. Af þessu hlýst eðlilega nokkur læknskostnaður, frá nokkrum þúsund krónum upp í tugi þúsunda, kostnaður vegna fóðrunar, að ótöldum kostnaði í formi tíma og aðstoðar sjálfboðaliða. Alla jafna myndi áfallinn kostnaður falla á umráðamann dýranna, sbr. 3. mgr. 7. gr. en þar sem villi- og vergangskettir eiga sér engan umráðamann, á kostnaðurinn samkvæmt sama ákvæði að falla á viðkomandi sveitarfélag. Sveitarfélögum er skylt að sinna hjálparskyldu sbr. 2. mgr. 7. gr. og er heimilt að setja reglur um framkvæmd endurgreiðslna, sbr. 4. mgr. 7. gr.

Dýraverndunarfélagið Villikettir hefur stofnað til verulegra útgjalda vegna hjálparskyldu gagnvart villi- og vergangsköttum í sveitarfélaginu og sækjast því eftir styrk kr. 10.000 pr. kött, frá sveitarfélaginu, sbr. 4. mgr. 7. gr.

Aflífun á ketti ásamt urðun kostar hjá Dýralæknaþjónustu Suðurlands 17.400.- Með samstarfi við Villiketti sem vinnur á mannúðlegan hátt að því að fækka villiköttum getur sveitarfélagið með tímanum sparað sér mikinn kostnað.

Í ofangreindum tölum eru ekki taldir með týndir kettir sem við höfum haft hjá okkur tímabundið eða þar til eigandinn hefur gefið sig fram. Eingöngu þeir kettir sem Villikettir hafa þurft að finna framtíðarlausn fyrir. Beiðnin tekur því til 7 katta og hljóðar upp á 70.000 kr.

Selfoss, 15.3.2021

Kærar kveðjur,

Fyrir hönd Villikatta Suðurlandi

Ása Nanna Mikkelsen og Guðný Tómasdóttir